

Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (Hvammsvirkjun)

244. mál. þingsályktunartillaga. 09.10.2014. þingskjal 273 umhverfis- og auðlindaráðherra.

Athugasemd:

Sendandi: Björg Eva Erlendsdóttir, Reykjavík, 5. nóvember 2014.

Sterk og ný rök gegn virkjun í mynni Þjórsárdals hafa komið fram, eftir að stjórnvöld ákváðu að fjalla að taka upp rammaáætlun til þess að færa Hvammsvirkjun úr biðflokki í nýtingarflokk. Þeim er hér á eftir skipt niður í fjóra kafla. Því miður var aðeins einn þáttur (og ein á) tekinn til skoðunar vegna endurröðunar, nefnilega sá sem sneri að laxastofninum. Það var af undarlega þröngt sjónarhorn. Umhverfismat Hvammsvirkjunar er gamalt og frá því það var gert hafa miklar breytingar hafa orðið á náttúrunni, atvinnulífinu, samfélaginu, orkuöflun, tækni við gerð virkjana osfrv. Þá hafa náttúruöflin komið á óvart með stærsta eldgosi síðari tíma sem talið er geta valdið hamförum af áður óþekktri stærðargráðu – einmitt á Þjórsársvæðinu.



Séð yfir mynni Þjórsárdals að vori.

1. Stórfelld uppbygging ferðapjónustu á Íslandi og sprenging í fjölda ferðamanna sem kemur til landsins, krefst þess að bætt sé við áhugaverðum náttúrusvæðum og ferðamönnum dreift betur um landið. Þjórsárdalur er vannýtt auðlind fyrir ferðamenn, en engu að síður er nú hafin uppbygging við Hjálparfoss og verið að undirbúa aðgerðir við Stöng, Gjá og stórfossa Þjórsár á afréttinum. Enn mætti bæta í aðgengi að Háafossi. Í Þjórsárdal er hægt að stórauka þjónustu við ferðamenn og létta álagi af öðrum svæðum án þess að spilla þessu, því tækifæri er til að byggja Þjórsárdal upp frá grunni á réttan hátt svo hann þoli ágang. Þjórsárdalur gefur Gullna hringnum ekkert eftir í fegurð og

fjölda áfangastaða. Virkjun í mynni dalsins myndi gera eyðileggja áform um ferðapjónustu til margra ára og spilla þeim til allrar framtíðar.

2. Ótti fólks sem býr við Þjórsá, við flóð og stíflurof, vegna jarðskjálfta eða annarra náttúruhamfara hefur verið hleginn út af borðinu hingað til. Með Holuhraungosinu er annað uppi, áhættan staðfest eins og vísað er til hér að ofan. Þetta sýnir að óttinn var aldrei ástæðulaus og stafi hætta af eldgosi norðan Vatnajökuls nú, staðfestir það bara enn einu sinni að Þjórsá er á hættusvæði vegna náttúruhamfara og að umfang og staðsetning þeirra hamfara sem orðið geta er óþekkt.

RUV 3. nóvember: „Mat á flóði vegna eldgoss í Bárðarbungu á vatnasvæði Þjórsár og Tungnár - gæti haft alvarlegust áhrif á íslenskt samfélag sem almannavarnir hafa tekist á við að undanskildum hernaðarógnum fyrri tíma.“

<http://www.ruv.is/frett/flod-aaeti-haft-alvarleg-ahrif>

3. Þensla. Öll náttúrurök hníga í þá áttina að minni ástæða sé til þess nú en nokkru sinni að virkja í mynni Þjórsárdals. Því til viðbótar kemur hætta á þenslu til skamms tíma. Áform eru um stórfelldan vindmyllugarð á Hafinu fyrir ofan Búrfell. Sú orka verður tengd inn á landsnetið. Áætlunum um Búrfell tvö hefur ekki verið hrint í framkvæmd, en um þau er ekki deilt. Með þessu hvorutveggja ættu verktakar á svæðinu og orkufyrirtækið sjálft að hafa nóg að sýsla næstu árin. En ein vatnsaflsvirkjun, og það umdeild, samtímis uppsetningu 80 – 90 vindmylla og Búrfells tvö, myndi skapa mikla og óþarfa þenslu á svæðinu til skamms tíma, en ekki skila varanlegum atvinnutækifærum.

4. Tækni. Eins og tækninni fleygir fram er líklegt að röðin áfram verði vindvirkjað komið verði að sjávarfallavirkjunum fyrr en varir. Ný tækni við vatnsafl dregur líka úr þörf á lónum, eins og þeim sem Landsvirkjun ætlaði að hafa í byggðinni við Þjórsá. Það er því algjör óþarfi í nútímanum að fórna svæði sem skartar mörgum af fallegustu og aðgengulegustu náttúruperlum Íslands. Nær væri að dreifa uppbyggingunni, skoða fleiri kosti, vinna í sátt við umhverfið, koma lónum út úr myndinni og virkja EKKI Þjórsá frekar á meðan jafn margt er breytt og ókannað eins og nú er. Vísindamenn hafa nú kynnt til sögu möguleika á vatnsrennslisvirkjunum án lóna sem gert er ráð fyrir í núgildandi teikningum að Hvammsvirkjun. Því hlýtur, til þrautavara ef stjórnvöld sitja föst við sinn virkjanakeip, að vera ástæða til að fara fram á nýja útfærslu af virkjun, án nokkurs lóns, áður en hún er færð úr biðflokki í nýtingu.



Yfir lónstæðið, frá hesti að Haga. Hekla í

baksýn.

Þetta er síður en svo í fyrsta skipti sem gerðar eru athugasemdir um virkjun Þjórsár í byggð. En nú um aðeins um Hvammsvirkjun, þá einu af þremur sem enn er á nýtingarplani stjórnvalda eftir margra ára umfjöllun. Þó gilda svipuð rök um verndun hennar vegna laxastofnsins, eins og þeirra virkjana sem áttu að vera neðar í ánni. Hvammsvirkjun er áformuð við bæina Skaftholt, Núp, Fossnes og Haga í mynni Þjórsárdals. Fórarkostnaður vegna hennar er síst minni en hinna, vegna laxastofnsins, ferðabjónustunnar, náttúruminja, byggðar osfrv. Í raun eiga mótmælin gegn virkjunum í byggð upphaf sitt í andstöðu við nákvæmlega þessa virkjun. Áformin eru nú kennd við Hvamm í Rangárvallasýslu, en áður hétu fyrirtælanirnar Núpsvirkjun og eru ásamt Þjórsárverum (Norðlingaöldu) í hópi umdeildustu áætlana stjórnvalda í virkjanamálum fyrr og síðar. Fyrst er þekkt til áforma um virkjun á þessum stað þegar Títan félag Einars Benediktssonar keypt vatnsréttindi af bændum fyrir lítið vegna loftkenndra áforma um virkjanir upp eftir allri Þjórsár og aldrei urðu, heldur fór Títanfélagið á hausinn. Eignarhlutur Títan var samt látinn standa þótt félagið væri horfið fyrir áratugum. Næst heyrðist af undirbúningi Landsvirkjunar að virkjun á þessum stað á ungmennafélagsfundum í Gnúpverjahreppi árið 1972, fyrir rúmum fjörutíu árum. Síðan fór málið leynt, eins og oft er um áform sem vitað er að mikil andstaða er við. Rannsóknir og undirbúningur hélt þó óslitið áfram og næst þegar áformin komust í hámmáli var byrjað að semja um bætur fyrir land við bændur undir miklum trúnaði. Þeim var jafnframt gerð grein fyrir því að samningarnir væru ekki um vatnsréttindin, því þau ætti Landsvirkjun. (sú rangfærsla var síðar leiðrétt, því það var ríkið sem hafði úthlutað sjálfu ssér eignaréttinum eftir að Títanfélagið hafði verið dautt í áratugi.) Öðrum en landeigendum var þá tjáð að málið væri komið mjög langt í

undirbúningi í góðri sátt og of miklu hefði verið til kostað við rannsóknir til að forsvaranlegt væri að hætta við. Sú sátt sem vísað var til náði þó aldrei til nema fárra aðila með beinan fjárhagslegan ávinning af virkjun. Öðrum þegnum samfélagsins sem aðeins áttu að þola rask og bóttalaust tjón af völdum framkvæmdanna var ekki boðið að samningaborði. Skortur á upplýsingum og samráði við almenning er því ein af ástæðunum fyrir því að fyrirhuguð Hvammsvirkjun hefur stórspillt samfélaginu við Þjórsá á þessum slóðum, þar sem fjölskyldur hafa sundrast, fólk hætt búskap og óvissan framundan er mikil.

Hér er svo vísað til formanns verkefnisstjórnar sem telur það hafa verið rangt að taka Þjórsárvirkjanir út sér til að ná einni þeirra úr biðflokk.

RUV: „Það var pólitísk ákvörðun að meta sérstaklega Hvammsvirkjun og aðra virkjanakosti í neðri hluta Þjórsár í stað þess að fara yfir alla kosti á landinu í einu ferli. Þetta segir formaður verkefnisstjórnar rammaáætlunar.“

<http://www.ruv.is/frett/rangt-ad-meta-virkjanakosti-thjorsar-ser>

Nú er enn opið fyrir athugasemdir, þar sem flestir geta flutt sömu rök og áður. Því til viðbótar koma nýju rökin, tengd uppbyggingu ferðaþjónustu, (atvinnu í heimabyggð), ógn sem stafar af náttúruhamförum, nú eldgosinu í Holuhrauni og nýir möguleikar í orkuöflun. Fyrri rök eru auk þess jafnvel meira æpandi nú en áður, þar sem tjón vegna samfélagslegra áhrifa er komið skýrt fram. En rannsókn á samfélagslegum áhrifum hefur ekki verið gerð, ekki frekar en að rannsókn hafi farið fram á vernd sem nýtingu náttúrunnar. Það er von mín að sitjandi stjórnvöld geri betur en hingað til og fari vandlega yfir þær athugasemdir sem berast og leitist við að svara heiðarlega og að ígrunduðu máli þeim spurningum sem ósvarað er.

Virðingarfyllt.

Björg Eva Erlendsdóttir, 181260-4759 Hamarsheiði 1. Skeiða-og Gnúpverjahreppi og Haðarstíg 20 Reykjavík.